

Ályktun um endurmat snjóflóðahættu

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. -7. október 2023, skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og fjármálaráðherra að leita allra leiða til þess að flýta vinnu við að endurmeta hættu á snjóflóðum þar sem þegar hafa verið byggðar snjóflóðavarnir. Fjórðungsþing minnir á upphaflegt hlutverk Ofanflóðasjóðs um verndun byggða og flokkun og nýtingu hættusvæða.

Greinargerð:

Lög og reglugerðir um málið eru skýr og í reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða stendur að Veðurstofa Íslands annist m.a. endurskoðun hættumats, sbr. 15. gr. (309/2010). Í sömu reglugerð stendur: „Endurskoða skal uppdrætti og rýmingaráætlanir ef reist eru varanleg varnarvirki gegn ofanflóðum.“ Í 13. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (49/1997) stendur að Ofanflóðasjóður skuli greiða allan kostnað við gerð hættumats svo og kostnað við gerð úttektar og uppdráttu. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið skipaði starfshóp til að leggja mat á þörf fyrir frekari rannsóknir, vöktun og viðbrögð við náttúruvá sem hægt sé að nýta til að efla hættumat, vöktun og miðlun vegna náttúruvá á Íslandi.

Starfshópurinn skilaði af sér stöðumati í apríl 2023 og ein helsta niðurstaða starfshópsins er varðar hættumat er sú að áætluð fjárför til málaflokksins er metin umfangsmikil. Í skýrslunni stendur einnig að nauðsynlegt sé að endurskoða hættumat þar sem reist hafa verið varnarvirki. „Endurskoða þarf fjárför reglulega, að lágmarki á þriggja ára fresti, þar sem tekið er tillit til framvindu verkefna, tækniframfara, rannsókna og aðlögunaraðgerða, m.a. vegna loftslagsbreytinga og samfélagslegra þátta, s.s. þróunar byggðar og ferðamennsku.“

Verði ekkert að gert munu íbúar sem búa undir þegar byggðum snjóflóðavörnum mögulega búa við falskt öryggi og húseignir þeirra metnar á lægra verði vegna snjóflóðahættu sem mögulega sé ekki lengur til staðar. Falskt búsetuöryggi íbúa er óásættanlegt með tilliti til vellíðunar fólks og því er mikilvægt að endurmat áhættu fari fram sem allra fyrst eftir byggingu snjóflóðavarna. Jafnframt þarf endurmat að fara fram til að eignaverð sé í samræmi við aðrar eignir á viðkomandi svæði og að húseigendur sitji ekki uppi með ódýrari og eða illseljanlegar eignir vegna dráttar á endurmati. Sveitarfélögum er einnig bannað með lögum að skipuleggja byggð undir varnarmannvirkjum sem ætlað var að verja viðkomandi svæði, þrátt fyrir að möguleiki sé á að hættumörk séu undir þeim stöðlum sem miðað er við. Þar sem víða er takmarkað framboð af góðum byggingarlóðum getur dráttur á endurmati komið í veg fyrir að byggt sé á mögulegum lóðum innan byggðar og getur því leitt til meiri kostnaðar fyrir sveitarfélög við að útbúa nýjar lóðir í stað þess að geta nýtt betur þá innviði sem eru til staðar undir þegar byggðum snjóflóðavörnum.